

Til aðildarsveitarfélaga SSH

Kópavogur, 3. júní 2025.
Málsnr. 2404009
PBG/HH

Efni: Skýrslur vegna verkefna sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins 2024.

Meðfylgjandi til kynningar eru skýrslur og kynningarglærur vegna þriggja sóknaráætlunarverkefna sem hafa verið teknar til kynningar og umræðu á fundum stjórnar SSH:

1. Tækifæri til útivistar við vötn, haf og gönguskiðaiðkun

Verkefnið tækifæri til útivistar við vötn, haf og gönguskiðaiðkun var eitt af áhersluverkefnum sóknaráætlunar árið 2024 og er ætlað að styðja við aukna útivist og hreyfingu íbúa. Í verkefninu fólst að kortleggja svæði á höfuðborgarsvæðinu sem hentað gætu fyrir útivist og leiki sem tengjast vötnum, hafi og gönguskiðaiðkun, hvar slík notkun eða tengd þjónusta og/eða starfsemi sé til staðar og hvar megi styrkja hana enn frekar og á hvaða hátt.

2. Forvarnir og geðrækt ungmenna á höfuðborgarsvæðinu

Verkefnið Forvarnir og geðrækt ungmenna á höfuðborgarsvæðinu var eitt af áhersluverkefnum sóknaráætlunar 2024. Markmið verkefnis var að vinna að samræmdum viðmiðum og áætlunum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um forvarnir og geðrækt ungmenna, byggt á þarfagreiningu og könnun á afstöðu hópsins sjálfs. Verkefnið er sjálfstætt framhald af vinnu starfshóps verkefnisins „Forvarnir og geðrækt hjá ungmennum á höfuðborgarsvæðinu“ frá 2022 sem skipaður er fulltrúum allra sveitarfélaga.


3. Þróun Hvítá til Hvítá svæðisins

Verkefnið Hvítá - Hvítá var eitt af áhersluverkefnum sóknaráætlunar árið 2024. Tilgangur þess var að kanna áhrif af áframhaldandi óbreyttum vexti, en hann hefur verið ör á undanförunum árum, þéttbýliskjama innan Hvítár-Hvítár svæðisins, á þróun höfuðborgarsvæðisins til ársins 2050. Kannaðir voru áhrifaþættir eins og umferðarmagn, ferðatími, umhverfisáhrif, umferðaröryggi, gæði og ásýnd bæjarrýma, náttúrugæði, atvinnumál, samkeppnishæfni ofl.

Tvær fyrstnefndu skýrslur voru kynntar á svokölluðum föstudagsfundi, þ.e. kynningar- og umræðufundi fyrir kjörna fulltrúa sem fram fór föstudaginn 16. maí sl. Skýrsla um þróun Hvítá-Hvítár var kynnt á slíkum fundi föstudaginn 30. maí. Jafnframt eru skýrslur birtar á heimasíðu SSH, www.ssh.is.

Sé óskað frekari kynningar á ofangreindu skulu beiðnir þess efnis berast í netfangið ssh@ssh.is.

Virðingarfyllt,
Fyrir hönd SSH



Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri

Meðfylgjandi:

1. Skýrsla um tækifæri til útivistar við vötn, haf og gönguskiðaiðkun. TÓ arkitektar, apríl 2025. Vakin er sérstök athygli á því að skýrslan er of stór til að senda hana með tölvupósti en hún er aðgengileg á https://www.ssh.is/static/files/Skyrslur/Soknaraetlun2025/taekifaeri_til_utivistar_skyrsla_april_2025.pdf



2. Kynningarglærur um tækifæri til útivistar við vötn, haf og gönguskíðaiðkun, frá kynningarfundi 16. maí sl. Vakin er sérstök athygli á því að kynningin er of stór til að senda hana með tölvupósti en hún er aðgengileg á https://www.ssh.is/static/files/soknaraaetlun/2020-2024/utivistarsvaedi/2025_05_16_taekifaeri_til_utivistar-kynning_to-bi.pdf
3. Skýrsla um viðmið um forvarnir og geðrækt fyrir ungmenni á höfuðborgarsvæðinu, mars 2025.
4. Kynningarglærur um forvarnir og geðrækt fyrir ungmenni á höfuðborgarsvæðinu, frá kynningarfundi 16. maí sl.
5. Skýrsla um þróun Hvítá-Hvítár svæðisins, apríl 2025. Vakin er sérstök athygli á því að skýrslan er of stór til að senda hana með tölvupósti en hún er aðgengileg á https://www.ssh.is/static/files/Skyrslur/Soknaraaetlun2024/hvita-hvita_lokaeintak_16052025.pdf
6. Kynningarglærur um þróun Hvítá-Hvítár svæðisins, frá kynningarfundi 30. maí sl.